



Alþingi
Erindi nr. P/137/563
komudagur 8.7.2009

8. júlí 2009
SI-53396

Nefndasvið Alþingis
nefnasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 6. júlí 2009 óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, 137. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að brot gegn 8. gr. laganna um milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslun með erlendan gjaldeyri verði gerð refsiverð. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er verið að bæta úr því að við breytingu á viðlurlagaákvæðum gjaldeyrislaganna í nóvember 2008 fórst fyrir að kveða á um að brot gegn 8. gr. laganna væru refsiverð. Þar er kveðið á um að öðrum aðilum en þeim sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða með leyfi frá Seðlabankanum sé óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti eða versla með erlendan gjaldeyri. Gjaldyrishömlur hafa leitt til þess að annar gjaldeyrismarkaður hefur skapast fyrir íslenska krónu erlendis. Vegna þessa hafa aðilar séð hag sinn í því að sinna ólögumatri milligöngu um gjaldeyrisviðskipti til þess að nýta þann mismun sem hefur skapast á gengi krónunnar á íslenskum gjaldeyrismarkaði annars vegar og erlendum gjaldeyrismarkaði hins vegar. Ljóst er að slík hegðun skapar óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði og veikir gengi krónunnar. Seðlabankinn telur því mikilvægt að heimilt sé að beita þá viðurlögum sem sinna slíkri milligöngu í andstöðu við ákvæði 8. gr.

Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að heimildir Fjármálaeftirlitsins til rannsókna brota verði styrktar. Frá því í október 2008 hefur eitt brýnasta verkefni Seðlabankans verið að tryggja stöðugleika íslensku krónunnar og ná fram markmiðum um styrkingu hennar. Þeim markmiðum hefur enn ekki verið náð en ljóst er að brot gegn lögum og reglum um gjaldeyrismál vinna gegna slíkum markmiðum. Seðlabankinn telur því mikilvægt að Fjármálaeftirlitinu, sem rannsakanda slíkra brota, séu tryggðar allar rannsóknarheimildir sem


SEÐLABANKI ÍSLANDS

nauðsynlegar eru og þá jafnframt að tekinn sé af allur vafi um úrræði stofnunarinnar.

Seðlabanki Íslands styður samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri